

aða dóm úr gildi og vísa málinu heim til nýrrar dómsáleggingar. Svo ber stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal úr gildi feldur, og er málinu vísað heim til nýrrar dómsáleggingar.

Stefnda, Sigríður E. Ottesen, greiði áfrýjanda, skiftaráðandanum í Reykjavík, f. h. þrotabús Filippusar Ámundasonar 40 kr. í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 29. nóv. 1915.

Nr. 59/1915.

Ólafur Helgason

gegn

ráðh. Íslands f. h. landssjóðs.

D ó m u r :

Þriðjudaginn 15. desbr. f. á. kom eldur upp í sölubúð kaupfélagsins »Ingólfur« á Háeyri á Eyrarbakka og vörugeymsluskúr, áföstum vesturhlið sölubúðarinnar. Varð eldsins vart um kl. 8 um morguninn, og brunnu bæði húsin niður til grunna. Við

rannsókn, er haldin var fyrir lögreglurétti Arnes-sýslu, til að komast fyrir upptök brunans, var sækjandi þessa máls, Ólafur Helgason, pakkhúsmaður við verzlun kaupfélagsins, settur í gæzluvarðhald, samkvæmt úrskurði réttarins, uppkveðnum 9. jan. þ. á., og sat hann í gæzluvarðhaldinu 6 nætur, en 15. janúar var hann látinn laus. Eftir skýrslu sækjanda, sem er óvefengd, var eigi höfðað sakamál gegn honum að lokinni rannsókninni.

Með því að Ólafur Helgason þóttist vera saklaus af broti því, er hann var grunaður um og ástæðulaust settur í gæzluvarðhald, höfðaði hann með stefni dags. 8. sept. þ. á. mál þetta gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs fyrir landsyfirdóminum samkvæmt lögum nr. 28, 26. okt. 1893, um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. og hefir skipaður málfærslumaður hans krafist þess, að honum verði dæmdar skaðabætur úr landssjóði, 3000 krónur, og fullur kostnaður málsins, eftir mati réttarins eins og eigi væri um gjafsóknarmál að ræða.

Til andsvara fyrir stefnda hefir enginn komið fram í yfirdóminum og er honum þó löglega stefnt. Málið verður því samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. dæmt eftir þeim gögnum, sem sækjandi hefir lagt fram.

Sækjandi var settur í gæzluvarðhald »með því að« eins og segir í úrskurðinum »eitt vitni hefir borið að það hafi þózt heyra málróf Ólafs úti á götu morguninn, er brann, löngu áður en Ólafur hefir borið að hann hafi farið á fætur«. Við réttarprófin bar sækjandi það fram, að hann hefði verið heima



hjá sér og eigi farið að heiman frá því kl. 7 kvöldið 14. des. þangað til morguninn eftir 15. des. kl. um 8, er brunakall var hafið í þorpinu. Þessu samhljóða skýrslu bar kona sækjanda og voru þau tvö ein á heimilinu. En, eins og getið er í varðhaldsúrskurðinum, bar eitt vitni fram skýrslu, er þótti fara í bág við framburð sækjanda og gera hann vafasaman. Vitni þetta, Sigurður Sigurðsson, vinnu- maður á Stóra-Háeyri, var fyrst yfirheyrður 7. jan. og skýrði þá svo frá, að hann hefði morguninn, sem brann, kl. að ganga 6 komið út á nærklæðum til að kasta af sér þvagi; hafi hann þá áður en hann lauk upp dyrunum heyrt mannamál úti á götunni, en er hann opnaði hafi hann ekkert heyrt nema fótatak, að honum heyrðist tveggja manna, er gengu austur stígin; hvaða menn þetta voru hafi hann eigi hugmynd um, hann hafi eigi þekt málróminn og ekkert séð, því að hann er nærri blindur. Með því að önnur vitni höfðu það eftir Sigurði að hann hefði þózt þekkja málróm annars mannsins, var hann aftur kallaður fyrir rétt 9. jan. og bar hann þá, að sér hafi strax komið í hug hvort verið gæti að, að Ólafur Helgason (sækjandi) væri þar á gangi, því að sér hafi ekki heyrst betur, en að hann ætti annan málróminn, en það hafi verið tveir karlmannsrómar, að hann sé óvenjulega glöggur á að þekkja málróm manna eða menn á málrómnum, að hann hafi oft talað við Ólaf og telji ólíklegt að sér hafi misheyrst að þetta væri hans rödd. Tjáist vitnið hafa hikað sér við að segja frá þessu við fyrri yfirheyrsluna, af því að það vonaði, að þurfa eigi að verða neitt við

mál þetta riðinn. Þennan leiðréttu framburð hefir vitnið eigi staðfest með eiði eða drengskaparorði, enda hefir vitnið eigi getað fullyrt neitt um, að athugun þess umræddan morgun hafi verið rétt, og það er ástæða til að efast um, að vitnið hafi heyrt mann-mál eða fótatak á veginum fram hjá Stóra-Háeyri á þeim tíma, er það greinir frá, því að annað vitni, Jens Sigurðsson, hefir borið það, að þennan morgun kl. 6 hafi hann gengið vestur veginn til Stóru-Háeyrar og hafi þá verið fremur bjart, fól á jörðu af nýföllnum snjó og vel sporrækt, að honum hafi dotti hug að aðgæta hvort nokkur merki sæust þar eftir umferð, en á veginum hafi eigi sést nein för eða slóð alla leið vestur að hesthúsinu, sem stendur rétt austan við Háeyrarbæinn. Það verður að ætla, að vitni þetta hefði orðið að taka eftir því, ef menn hefðu þá nýlega gengið veginn, og virðist skýrslu þess eigi verða komið heim við framburð vitnisins Sigurðar. Skýrsla þessasíðarnefnda vitnis, sem hefir borið rangt fyrir réttinum, verður að teljast óáreiðanleg og er eigi heimild til að byggja á henni neinn grun gegn sækjanda eða véfenging á frásögn hans um að hann hafi verið heima umræddan morgun til kl. um 8. Með því að varðhaldsúrskurðurinn styðst að eins við þennan vitnisburð, og eigi er að öðru leyti neitt framkomið við réttarprófin, er geri það sennilegt eða grunsamt, að sækjandi hafi verið bendlaður við brunann, má eftir málavöxtum ætla, að hann sé saklaus af glæp þeim, er gaf tilefni til að hann var sviftur frelsi, og með því að sækjandi hefir eigi með framferði sínu verið þessa valdandi, á hann samkvæmt



nefndum lögum tilkall til bóta úr landssjóði fyrir þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefir beðið af frelsissviftingunni.

Sækjandi tjáist hafa beðið skaða af varðhaldinu á margan veg, en hann hefir eigi gert nánari grein fyrir hvernig þeim skaða sé varið, og þykir þá með hliðsjón af því, að varðhaldstíminn var að eins 6 nætur, eftir málavöxtum hæfilegt að ákveða bæturnar 200 krónur.

Mál þetta er að lögum gjafsóknarmál; hefir skipaður málflutningsmaður sækjanda flutt það forsvaranlega og ber honum 25 kr. í málflutningslaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Sækjanda Ólafi Helgasyni greiðist 200 kr. úr landssjóði og skipuðum málflutningsmanni hans, Guðmundi Ólafssyni yfirréttarmálflutningsmanni, greiðist 25 kr. í málflutningslaun úr sama sjóði.

Mánudaginn 6. desember 1915.

Nr. 52/1915.

Jóhann Jónsson

gegn

Kristínu Pétursdóttur.

D ó m u r :

Í barnsfaðernismáli, er höfðað var af hálfu hinn-